

1. júní 2022

Múlaþing
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Umsögn um vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016

Vísað er í tölvupóst dagsettan 20. maí sl. hvar óskað var umsagnar um vinnslutillögu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af Landmótun slf., um er að ræða greinargerð og uppdrátt og er hvorttveggja dagsett 2. maí 2022

Tillagan gerir ráð fyrir að þrjár breytingar verði gerðar á gildandi aðalskipulagi. Í fyrsta lagi verður bætt við nýju 1,4 ha efnistökusvæði (B13) á eyrum Fjarðaár, jafnframt verður efnistökusvæði B8 opnað en svæðið er skilgreint lokað í gildandi aðalskipulagi. Í öðru lagi verður íbúðarsvæði ÍB1 stækkað sem nemur einni lóð vestan Bakkavegar. Í þriðja lagi verður svæði BS7 breytt úr stofnanasvæði í athafnasvæði (BA1)

Fram kemur að lögð verði áhersla á að við veitingu leyfa í tengslum við efnistöku verði farið eftir lögum og reglugerðum og að leyfi verði veitt í samráði og með eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Ekki kemur fram til hvaða leyfa er verið að vísa en minnt er á að efnistaka fellur undir tölulið 2.6. í viðauka X við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og er því háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar. HAUST mun aðeins hafa eftirlit með starfseminni á grunni starfsleyfis en embættið mun ekki viðhafa eftirlit með öðrum leyfum sem starfsemin kann að vera háð.

Bent er á að fyrirhugað efnistökusvæði B13 kemur ekki skýrt fram á uppdrætti eins og hann er sýndur eftir breytingu. Svæðið kemur hins vegar greinilega fram í greinargerðinni.

Annað ekki

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

